

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag athafnasvæðis A5, Kringlumýri á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 15. maí 2018 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis A5, Kringlumýri á Húsavík. Deiliskipulagstillagan sýnir þau mannvirki sem þegar hafa verið reist og skilgreinir frekari byggingarrétt og skilmála um heildarásýnd svæðisins til lengri tíma. Á svæðinu eru nú þegar tvær byggingarlóðir og ekki gert ráð fyrir að þeim fjölgi. Skipulagið gerir ráð fyrir breyttum aðkomuleiðum að lóð Norðlenska matborðsins ehf.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 29. ágúst 2018.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. september 2018